

Borgin okkar 2022 - hverfin

Styrkir íbúaráða til eflingar hverfisanda, mannlífs og menningar

Auglýst er eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað er að stuðli að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum árið 2022. Mikilvægt er að verkefni höfði til allra aldurshópa og skírskoti til breiðs hóps fólks sem vill sækja sér afþreyingu og upplifun í eigin hverfi.

Sjóðurinn nemur alls kr. 30.000.000 Miðað er við að íbúaráð sem eru níu talsins, fái milljón hvert en afgangurinn deilist til íbúaráða eftir íbúafjölda hverfanna. Styrkirnir skiptast á eftirfarandi hátt á milli íbúaráða borgarinnar.

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts	kr. 2.790.000
Íbúaráð Breiðholts	kr. 4.450.000
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals	kr. 2.290.000
Íbúaráð Grafarvogss	kr. 3.830.000
Íbúaráðs Kjalarness	kr. 1.150.000
Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis	kr. 3.470.000
Íbúaráð Laugardals	kr. 3.850.000
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða	kr. 4.550.000
Íbúaráð Vesturbæjar	kr. 3.620.000

Umsóknarfrestur er frá 8. apríl – 24. apríl 2022. Að öllu jöfnu er miðað við að styrkupp hæðir fyrir hvert verkefni, séu á bilinu kr. 50.000 til 500.000.

Hverjir geta sótt um og hvað er styrkt?

Einstaklingar, félagsamtök eða aðrir hópar sem vinna saman að einstöku verkefni geta sótt um styrk í sjóðinn. Markmið sjóðsins er að efla hverfisanda, félagsauð, mannlíf og menningu í hverfunum.

Styrkir geta til dæmis fallið til:

- 17. júní hátíðarhalda í hverfunum
- Viðburða í hverfum borgarinnar sem höfða til allra aldurshópa
- Markaða sem efla líf í hverfinu
- Tónleika, listviðburða eða annað sem eflir hverfisvitund
- Pop-up leikvalla og þrautabrauta í hverfunum
- Hreinsun eða gróðursetningar á svæðum innan hverfisins
- Önnur verkefni sem eru til þess fallin að auka félagsauð og styrkja hverfisvitund

Styrknum er ekki ætlað að koma í stað launa heldur vegna efniskostnaðar, kaupa á listviðburðum, kostnaði við leiðbeinendur, auglýsingakostnað eða veitingar.

Vakin er athygli á því að viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkþegar skulu þegar við á sækja um nauðsynleg leyfi fyrir framkvæmd verkefnis, t.d. notkun á borgarlandi og uppsetningu mannvirkja. Frekari leiðbeiningar eru veittar hjá starfsmönnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu: hverfissjodur@reykjavik.is.

Hvernig er sótt um?

Vinsamlega fyllið út rafræna umsókn efst á þessari síðu.

Í umsókninni skal koma fram:

- nafn umsækjanda, kennitala og netfang
- upphæð sem sótt er um
- lýsing á verkefni og markmið
- tímarammi verkefnis
- kostnaðaráætlun verkefnis
- samstarfsaðilar – ef við á

Gert er ráð fyrir að þeir sem hljóta styrk skili greinagerð í lok verkefnis sem verður lögð fyrir íbúaráð.

Meginreglan er að allir styrkir til einstaklinga teljast til skattskyldra tekna þeirra hvaðan sem styrkjanna er aflað. Styrkir eru skattlagðir eins og launatekjur og bera tekjuskatt og útsvar. Heimilt getur verið að telja kostnað til frádráttar. Nánari upplýsingar má finna á [heimasíðu Ríkisskattstjóra](#).

Móttaka og mat á umsóknum

Allir umsækjendur fá staðfestingarpóst þess efnis að umsókn þeirra hafi verið móttækin. Berist slíkur póstur ekki innan tveggja daga er umsækjandi vinsamlegast beðinn að hafa samband á netfangið hverfissjodur@reykjavik.is til að kanna stöðu umsóknar.

Allar umsóknir verða metnar af sérfræðingum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og menningar- og ferðamálasviðs. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- tíma- og kostnaðaráætlanir séu raunhæfar
- væntanlegum árangri og ávinningi á að efla hverfisvitund og félagsauð

Íbúaráð taka ákvörðun um úthlutanir styrkjanna. Öllum umsóknum verður svarað. Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi. Styrkir eru ekki veittir til að fjármagna lögbundin verkefni borgarinnar.

*Í tilfalli Miðborgar og Hlíða verður ávallt að hafa samráð við verkefnahóp Sumarborgar varðandi viðburði sem áætlað að fari fram í borgarrýminu, s.s. í opnum rýmum eins og almenningsgördum, torgum og göngugötum í miðborginni, sérstaklega varðandi staðsetningar og tímasetningar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir nánari upplýsingar á hverfissjodur@reykjavik.is.